

Sálfræðiþjónusta hjá Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins

Miklar breytingar á þjónustu heilsugæslunnar sl. 3 ár hvað varðar sálfræðiþjónustu á heilsugæslustöðvum. Í aðgerðaáætlun um geðheilbrigðsmál til 4ra ára, frá 2016, kemur fram að aðgengi að gagnreyntri meðferð sálfræðinga við algengustu geðröskunum, svo sem þunglyndi, kvíðaröskunum og áfallastreitu, sé á 50% heilsugæslustöðva í árslok 2017 og á 90% heilsugæslustöðva í lok árs 2019.

Þessi innleiðing sálfræðiþjónustu hefur gengið vel hjá HH

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins sem telur 15 heilsugæslustöðvar hefur nú á að skipa öflugum hópi sálfræðinga. Árið 2017 var búið að ráða barnasálfræðinga á allar stöðvarnar 15 og fyrsti sálfræðingurinn fyrir fullorðna var ráðinn til starfa. Nú í byrjun árs 2019 er staðan sú að allar heilsugæslustöðvar bjóða sálfræðiþjónustu fyrir börn og unglings að 18 ára aldri og sálfræðiþjónusta fyrir fullorðna eru á 7 stöðvum af 15 hjá Heilsugæslunni. Allar konur í mæðravernd og ungbarnaeftirlist hafa aðgengi að sálfræðiþjónustu á öllum stöðvum. Eins er boðin hópméðferð í hugrænni atferlismeðferð fyrir 18 ára og eldri á öllum stöðvum. Mikil aðsókn er á öllum stöðvum að þjónustunni. Nokkur bið getur verið eftir þjónustu sem er mismunandi eftir stöðvum og getur biðtími verið allt frá 0 og upp í 12 – 14 vikur. Leitast er við að forgangsraða eftir því hve málið telst aðkallandi og konur í mæðravernd og í ungbarnaeftirliti eru ávallt í forgangi.

Sálfræðiþjónusta - börn og unglings að 18 ára aldri

Sálfræðingar sjá um greiningu og veita börnum meðferð vegna hegðunar- og tilfinningavanda og foreldrum þeirra ráðgjöf.

Tilvísun til sálfræðiþjónustu

- Tilvísun læknis á stöð til sálfræðings
- Greining og meðferð barna og unglings við vægum til miðlings alvarlegum tilfinninga- og hegðunarvanda
- Ráðgjafaviðtol við foreldra ef um er að ræða ung börn eða börn með hegðunarvanda
- Meðferð barna er ávallt unnin í samvinnu við foreldra/forráðamenn
- Á nokkrum heilsugæslustöðvum eru hópnámskeið fyrir börn með kvíða eða depurð
- Ef ekki næst árangur á þessu þjónustustigi mun sálfræðingurinn, í samvinnu við foreldra og barn, vísa í viðeigandi þjónustu

Vísað í önnur viðeigandi úrræði ef um er að ræða:

- Sérhæfðan eða fjölpættan vanda (t.d. alvarleg áratta-þráhyggja, átröskun, áfallastreita, viðvarandi sjálfsvígstilburðir- eða alvarlegur sjálf skaði, flókinn fjölskylduvandi)
- ADHD greiningar, vitsmunabroskamat, einhverfugreiningar
- Alvarlegur geðrænn vandi verðandi mæðra og kvenna eftir fæðingu

Sálfræðiþjónusta – fullorðinna, 18 ára og eldri

Tilvísun til sálfræðiþjónustu

- Læknir á heilsugæslustöð vísar til sálfræðings
- Greining og meðferð einstaklinga 18 ára og eldri með vægan til miðlungs alvarlegan vanda
- Einstaklings- og hópméðferð – hugræn atferlismeðferð
- Sálfræðiþjónusta við mæðravernd og ungbarnaeftirlit (skimanir, greiningar, meðferð)
- Ef ekki næst árangur á þessu þjónustustigi mun sálfræðingurinn vísa í viðeigandi þjónustu

Vísa í annað viðeigandi úrræði ef um er að ræða:

- Sérhæfðan eða fjölpættan vanda á alvarlegu stigi (t.d. alvarleg árátt-þráhyggja, átröskun, alvarleg áfallastreita, yfirvofandi sjálfsvígshætta eða alvarlegur sjálfiskaði)

Samstarf:

Sálfræðingar á Heilsugæslunni vinna í þverfaglegu teymi og eru í samstarfi við lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæður á stöðinni. Aðrir helstu samstarfsaðilar eru Geðsvið Landspítala og þjónustumiðstöðvar, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Sérfræðiþjónusta skóla, Þroska- og hegðunarstöð og Barnavernd.

Þjónustan er gjaldfrjáls fyrir börn og unglunga að 18 ára aldri og fyrir konur í mæðravernd. Aðrir greiða venjulegt komugjald á heilsugæslu.